STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1968

Nr. 75. 304 23. október 1968.

# AUGLÝSING

## um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 22. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

1. Fyrirsögn núverandi 32. gr. háskólareglugerðar frá 17. júní 1958 með áorðnum breytingum verði:
   A. Um frumskráningu stúdenta til náms.
2. Á eftir núverandi 4. málsgrein bætist:
   B. Um árlega skrásetningu stúdenta til náms.

Stúdentar, aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, skulu láta skrásetja sig árlega á tímabili, er háskólaráð tiltekur að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að jafnaði í september. Nú er stúdent ekki á stúdentatali Háskólans, sbr. 26. gr. háskólalaga, og verður hann þá ekki skráður, nema hann sanni, að nafni hans sé ranglega sleppt í stúdentaskrá. Skráningargjald er 1000 krónur, og renna 800 krónur til Félagsstofnunar stúdenta, en 200 krónur í Prófgjaldasjóð. Stúdentar hafa ekki rétt til að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skráningu. Þeir njóta og ekki þeirra félagslegu fríðinda, sem því eru samfara að vera stúdent í Háskólanum, sbr. lög 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

Gera skal árlega áætlun um tekjur og gjöld Prófgjaldasjóðs og leggja fyrir menntamálaráðherra til samþykktar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 42. gr. laga nr. 60/1957 um Háskóla Íslands og 6. gr. laga nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, kemur til framkvæmda þegar í stað, og fer skráning stúdenta fram í fyrsta sinn í október 1968, samkv. nánari ákvörðun háskólaráðs.

*Í menntamálaráðuneytinu, 23. október 1968.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.